




Reykjavík, 6. febrúar 2025

USK24110095

## Bárugata 15 – Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. desember 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. desember 2024 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á íbúðarhúsi, mhl.01, og breytingum á notkun teiknistofu, rými 0101, mhl.02, í íbúð, einnig er sótt um leifi til þess að sameina í einn alla matshluta á lóð nr. 15 við Bárugötu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd, tekin af Já.is

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bárugötu 15 borgarhluta 1 vesturbæ og er hluti af íbúðarsvæði, ÍB1 Framnes.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni. Því þarf að grenndarkynna allar byggingaleyfisumsóknir.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 15 við Bárugötu er steinsteypt þriggja hæða fjölbýlishús. Húsið var byggt árið 1942 skv. fasteignaskrá. Á lóðinni er einnig bílskúr byggður árið 1957. Óskað er eftir álitni skipulagsfulltrúa á því að fá áður gerðar breytingar á húsinu samþykktar. Þær eru eftirfarandi: svalir á 3. hæð stækkaðar og nýr gluggi settur á 2. hæð á austurhlíð hússins, fá að breyta notkun á rými 0101, fnr. 2001847, úr teiknistofu og í íbúð og að lokum fá að sameina matshluta hússins í einn matshluta.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið en bent er á að óheimilt er að fara í byggingarleyfisskyldar framkvæmdir áður en að byggingarleyfi er samþykkt.



## Niðurstaða

- Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri